



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 64. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn Gamlabúð,
Höfn,
19. desember 2018, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Hjördís Skírnisdóttir varamaður, Hjalti Þór Vignirsson varamaður, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaga, Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður, .

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og Þjóðlendur - 1709003

Þorvarður Árnason kemur á fundinn og fer yfir verk og tímaáætlun.

Gestir

Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknarseturs HÍ á Hornafirði -

Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar -

Steinunn Hödd Harðardóttir, sérfræðingur -

Sigurður Óskar Jónsson, landvörður -

Þorvarður kynnti fyrirhugaða vinnu ráðgjafahópsins sem mun vinna með svæðisráði að gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand. Ráðgjafahópurinn samanstendur af starfsmönnum Rannsóknarseturs HÍ á Hornafirði, Náttúrustofu Suðausturlands og Nýheima þekkingarseturs. Þorvarður fór yfir mikilvægi samráðs og mikilvægi þess að allir þeir sem telji sig hafa eitthvað um verkefnið að segja geti haft aðkomu að mótun áætlunar. Hann fór einnig yfir fyrirkomulag gildandi stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs og lögbundna ábyrgð svæðisráða á tillögum að stjórnunar- og verndaáætlun til stjórnar. Þorvarður kynnti að lokum verk- og tímaáætlun ráðgjafahópsins.

Fyrsta þrep í vinnu ráðgjafahóps byggir á viðtölum við hagaðila. Svæðisráð fór yfir lista yfir hópa helstu hagaðila og mun ráðgjafahópur óska eftir viðtali við rúmlega 20 aðila.

2. Deiliskipulag Jökulsárlón breyting - 1709015

Farið yfir stöðu mála og lögð fram verkáætlun frá Glámu Kím.

Gestir

Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknarseturs HÍ á Hornafirði - 00:00

Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 00:00

Steinunn Hödd Harðardóttir, sérfræðingur - 00:00

Sigurður Óskar Jónsson, landvörður - 00:00

Formaður kynnti stöðu mála í vinnu við deiliskipulag.

3. Suðursvæði-Ferjuflug með þyrilu - 1811010

Á fundi svæðisráðs nr.63 var óskað eftir að starfsmenn afli frekari upplýsinga og reynslu þar sem starfsemi sem um er rætt í erindinu fer fram.

Gestir

Þorvarður Árnason - 00:00

Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 00:00

Steinunn Hödd Harðardóttir, sérfræðingur - 00:00

Sigurður Óskar Jónsson - 00:00

Kynnt var vinna starfsmanna varðandi ferjuflug innan þjóðgarðs. Svæðisráð þakkar starfsfólki fyrir vel unna samantekt. Fram kom í umræðunni að mikilvægt væri að fara varlega í útfærslu leyfisveitinga varðandi þyriluflug til að vernda upplifun annarra gesta sem koma í þjóðgarðinn til að njóta friðsældar. Svæðisráð mælir með að gefið verði út tímabundið leyfi í samræmi við umsókn. Þjóðgarðsverði falið að útfæra málið með forsvarsmönnum Atlantsflugs ehf. Málinu vísað til stjórnar.

4. Falljökull-Umsókn um lagfæringu á vegi - 1812002

Vatnajökulsþjóðgarði barst ódagsett erindi frá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, í tölvupósti 4.des, þar sem óskað er eftir heimild til úrbóta á vegslóða að Falljökli.

Gestir

Þorvarður Árnason - 00:00

Hrafnhildur Ævarsdóttir - 00:00

Steinunn Hödd Harðardóttir - 00:00

Sigurður Óskar Jónsson - 00:00

Farið var yfir erindi frá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Í ljósi stjórnunar- og verndaráætlunar getur svæðisráð ekki mælt með að umrætt leyfi verði gefið, þar sem umræddur slóði er ekki tilgreindur. Svæðisráð mælir með að farið verði í endurskoðun á skilgreindum vegum á suðursvæði.

Fundi slitið kl. 16:00.